



Reykjavíkurborg
mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 6. september 2018
R18090059
AK/JM

Forsætisnefnd

Umsögn fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um drög að samþykktum fjömenningarráðs Reykjavíkurborgar

Á fundi fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar þann 5.september sl. voru lögð fram drög að samþykktum fjölmeningarráðs með breytingum forsætisnefndar. Meðfylgjandi er umsögn ráðsins.

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Umsögn Fjölmeningarráðs um samþykktir fjölmeningarráðs.

Fjölmeningarráð leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á skipan ráðsins.

Skipan

5. gr.

Fjölmeningarráðið er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara, **Samtök kvenna af erlendum uppruna, W.O.M.E.N.**, tilnefna **einn** fulltrúa og **einn** til vara. **Móðurmál, samtök um tvítyngi, tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Einn fulltrúi er tilnefndur af Starfmannafélagi Reykjavíkurborgar, STVR, úr hópi starfsmanna Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna og einn til vara.** Borgarstjórn kýs formann ráðsins en fjölmeningarráð sjálf kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Greinagerð:

Lagt eru fram tillögur um breytingar á skipun ráðsins.

Sl. aprílsamþykkti borgarstjórn Reykjavíkur í fyrsta skipti heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umfjöllun um alþjóðlega vernd sem gildir 2018-2022 en þar segir:

„I. REYKJAVÍKURBORG SEM STJÓRNVALD

I.1. Endurskoða skal samþykktir um mannréttindaráð og fjölmeningarráð. [...]"

Í ljósi þeirra aðgerða sem stefnan leggur til er talið nauðsynlegt að efla og styrkja fjölmeningarráðið í sínu hlutverki sem er skv. 2. grein gildandi samþykkt að vera „borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru innflytjendur.“ (2. gr.).

Skv. gildandi samþykktum kýs Borgarstjórn tvo fulltrúa og tvo til vara, en þrír fulltrúar og þrír til vara hafa verið kosnir beinni kosningu af fulltrúum á fjölmeningarþingi Reykjavíkurborgar. Þess má geta að á fjölmeningarþinginu 2017 voru 88 á kjörskrá og nýtti 41 þeirra kosningarétt sinn eða 46,6% kjósenda en íbúar af erlendum uppruna í Reykjavík eru nú um 18.000.

Með skipun fulltrúa af hálfu hagsmunasamtaka er skipun ráðsins í samræmi við önnur sambærileg ráð borgarinnar eins og öldungarráðið. Móðurmál og Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi eru hvort tveggja með margra ára reynslu sem hagsmunasamtök og starfa einnig þvert á þjóðerni. Einnig er lagt til að hafa fulltrúa starfsmanna borgarinnar af erlendum uppruna sem er bæði í samræmi við ofangreinda stefnu og ákvæðin þar um Reykjavíkurborg sem atvinnurekanda

Nauðsynlegt er einnig að gefa starfsfólki Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna rödd í þeim aðgerðum sem ofangreind stefna leggur til.